

Ed.

446. Frumvarp til laga

[257. mál]

um heimilisfræðaskóla.

(Lagt fyrir Alþingi á 94. löggjafarþingi, 1973—1974.)

I. KAFLI

Markmið, námstími.

1. gr.

Hlutverk heimilisfræðaskóla er að veita verklega og bóklega menntun í hagnýtum greinum heimilisfræða og húa nemendur undir:

1. Hirðingu og umönnun heimilis og fjölskyldu.
2. Störf og þjónustu í hússtjórnargreinum og félagsmálum.
3. Framhaldsnám í æðri skólum, t. d. kennaraskólum, félagsmálaskólum, fóstruskólum, hjúkrunarskólum, hótelskólum o. fl.

Kennslan skal miða að því að þroska sjálfstæði, dómgreind og félagsanda nemenda, jafnframt skal hvetja þá til þess að varðveita menningararf þjóðarinnar.

2. gr.

Starfstími heimilisfræðaskóla skal vera 36 vikur — kennsla og próf — þar sem verkleg kennsla skiptist í þrjár annir: matreiðslu, sauma og þvott og ræstingu, en bók-nám dreifist jafnt á allan námstímann. Um nánari skiptingu í verklegt og bóklegt nám skal ákveða í reglugerð.

3. gr.

Stofna skal til framhaldsnáms í hússtjórnar- og heimilisfræðum fyrir þá, sem hyggjast veita forstöðu mótuneytum og viststofnunum. Menntamálaráðuneyti ákveður, hvenær stofna skuli til slíks framhaldsnáms og setur í reglugerð ákvæði um námsgreinar og lengd námstíma.

II. KAFLI

Inntökuskilyrði, námsgreinar og próf.

4. gr.

Inntökuskilyrði skulu vera þessi:

- a) Að neyandinn hafi lokið skyldunámi (þ. e. grunnskóla) með lágmarkseinkunn, sem ákveðin er í reglugerð.
- b) Að nemandinn sé eigi haldinn neinum andlegum eða líkamlegum kvilla eða annmarka, er hamli honum í námi eða starfi að dómi skólastjóra og skólanefndar.

5. gr.

Kennslu skal veita í því námsefni, sem hér er talið:

- a) Íslensku, dönsku, ensku og stærðfræði.
- b) Manneldisfræðigreinum.
- c) Hagfræðigreinum og verkstjórn.
- d) Uppeldis- og félagsfræðigreinum.
- e) Heilbrigðisfræðigreinum og umhverfisvernd.
- f) Handfðagreinum.

Í reglugerð skal ákveða nánar um fjölda námsgreina og hvað kenna skal í hverri grein.

6. gr.

Próf skal halda í lok hverrar annar. Þau skulu vera samræmd í ákveðnum fjölda rámsgreina, sem menntamálaráðuneytið akveður hverju sinni. Í reglugerð skal setja ákvæði um samræmingu prófa og námsbækur. Um próf og einkunnir skal setja ákvæði í reglugerð. Menntamálaráðuneyti skipar prófdómara að fengnum tillögum skólastjóra.

Eins árs nám í heimilisfræðaskóla skal veita sömu réttindi til framhaldsnáms og eins árs nám í almennum framhaldsskóla að loknu skyldunámi.

III. KAFLI

Skólastjórn og kennarar.

7. gr.

Menntamálaráðuneyti fer með yfirstjórn heimilisfræðaskóla. Menntamálaráðherra skipar skólastjóra að fengnum tillögum skólanefndar. Hann skipar einnig fasta kennara, að fengnum tillögum skólastjóra og skólanefndar. Til þess að verða settur skólastjóri eða kennari við heimilisfræðaskóla þarf kennarapróf frá Húsmaðrakennaraskóla Íslands, Hússtjórnarkennaraskóla Íslands eða Kennaraháskóla Íslands. Þá eina má setja skólastjóra, er gegnt hafa kennslu í að minnsta kosti eitt ár.

8. gr.

Við heimilisfræðaskóla skal starfa skólanefnd, sem menntamálaráðuneyti skipar og starfar hún samkvæmt erindisbréfi, er ráðuneytið setur. Formann skal skipa án tilnefningar, en tvo nefndarmanna skal skipa samkvæmt tilnefningu héraðssambands kvenfélaga í byggðarlagi skólans, tvo tilnefnda af landshlutasamtökum sveitarfélaga og einn tilnefnda af nemendum skólans til eins árs í senn. Skipun annarra nefndarmanna gildir til fjögurra ára. Verði atkvæði jöfn við afgreiðslu máls, ræður atkvæði formanns. Skólastjóri á rétt til setu á fundum skólanefndar með tillögurétti og málfrelsi, nema þegar fjallað er um mál, er varða hann persónulega.

9. gr.

Skólastjóri fer með stjórn heimilisfræðaskóla samkvæmt gildandi lögum og reglugerðum þar um og í samræmi við erindisbréf, er menntamálaráðuneytið setur. Hann

ræður stundakennara og annað starfsfólk með samþykki menntamálaráðuneytis. Skólastjóra til aðstoðar skal vera kennararáð. Í kennararáði skulu vera allir fast-ráðnir kennarar skólans og skólastjóri, sem er sjálfkjörinn formaður. Heimilt er nemendum að kjósa úr sínum hópi einn til tvo fulltrúa í kennararáð til ráðuneytis um málefni nemenda.

10. gr.

Skólastjóri og kennarar eru embættismenn ríkisins og taka laun samkvæmt gildandi kjarasamningum á hverjum tíma.

11. gr.

Heimilt er skólastjóra að kveðja kennara sér til aðstoðar við eftirlit og umsjón í skólanum. Ennfremur skulu kennarar starfa með nemendum utan kennslustunda í samráði við skólastjóra og vinna önnur störf í þágu skólans eftir því, sem ástæður leyfa og ákveðið er í reglugerð og erindisbréfi. Má þá fækka skyldustundum kennara svo og vegna mikillar heimavinnu eða annarra aukastarfa, að fengnu samþykki menntamálaráðuneytis.

Orlof.

12. gr.

Nú hefur kennari gegnt embætti í 5 ár og óskar að hverfa frá störfum um skeið til þess að efla þekkingu sína og kennsluhæfni. Skal hann þá senda menntamálaráðuneytinu beiðni um orlof ásamt greinargerð um, hvornig hann hyggst verja orlofstímanum, sem skal notaður til a) reglulegs náms í viðurkenndri menntastofnun, eða b) a. m. k. tveggja mánaða námsferðar, sem skipulögð er eða boðið til af aðila eða stofnun, sem menntamálaráðuneytið viðurkennir. Ef menntamálaráðuneytið telur umsókn og greinargerð kennara fullnægjandi, getur það veitt honum orlof, allt að einu ári, á föstum embættislaunum.

Menntamálaráðuneytið getur veitt kennara, er orlof hlýtur, styrk til að standa strauum af kostnaði við ferðalög og námsdvöl í sambandi við orlofið, ef hann ver því til að stunda reglulegt nám við viðurkennda menntastofnun eða til námsferðar, sem hann nýtur ekki sambærilegs styrks til frá öðrum aðilum. Þá getur menntamálaráðuneytið auglýst eftir umsækjendum til að leggja fyrir sig tiltekið nám, gegn veitingu orlofs eða sérstakra styrkja, nema hvort tveggja sé. Styrki til viðbótar orlofi má veita af fé því, sem í fjárlögum er hverju sinni ætlað til að kosta orlof kennara. Þá getur menntamálaráðuneytið eða aðrir aðilar í samstarfi við það efnt til allt að þriggja vikna námsferða með hópum kennara á þeim árstíma, sem skólar hérlendis starfa ekki. Slíkar ferðir skulu að jafnaði farnar í júní eða ágúst, þegar kennurum gefst kostur á að kynna skólum erlendis í starfi. Þeir aðilar, sem að slíkum ferðum standa, skulu skipuleggja þær fyrirfram og birta væntanlegum þátttakendum fyrirhugaða starfs- og ferðaáætlun. Menntamálaráðuneytið getur veitt af orlofsveitingu styrk, sem nemur allt að $\frac{2}{3}$ af áætluðum ferða- og dvalarkostnaði þeirra kennara, sem þátt taka í slíkum hópferðum. Enginn kennari getur fengið á starfsævi sinni hærrí fjárhæð í orlof og orlofsstyrki samanlagt en nemur $1\frac{1}{2}$ árs embættislaunum hans.

Menntamálaráðuneytið setur reglugerð um framkvæmd orlofs kennara. Skal þess gætt eftir föngum, að það trufli ekki störf skóla eða torveldi þau. Að orlofi loknu skulu kennarar skila til ráðuneytisins skýrslu um störf sín og nám á orlofstímanum. Skilyrði má setja þeim, sem hljóta orlof eða styrk til reglulegs náms, að þeir starfi að námi loknu að skólamáli eða kennslu á Íslandi minnst þrjú ár. Akvæði þessi taka einnig til skólastjóra. Heimilt er ráðuneytinu að veita kennurum orlof með launum að nokkru eða öllu leyti til þess að vinna að samningu eða útgáfu kennslubóka eða kennslugagna. Ennfremur er heimilt að veita kennurum launalaust leyfi, þegar sérstakar ástæður mæla með því.

IV. KAFLI

Fjármál.

13. gr.

Heimilisfræðaskólar skulu vera ríkisskólar og kostaðir að fullu úr ríkissjóði. Nemendur skulu þó greiða efniskostnað vegna verklegrar kennslu og kostnað við mótuneyti svo sem gert er í öðrum heimavistarskólum. Nemendur greiði einnig húsaleigu samkvæmt ákvörðun menntamálaráðuneytis.

14. gr.

Miða skal stærð heimilisfræðaskóla við það, að þar sé kennsluaðstaða og annað húsrými fyrir að minnsta kosti 36—40 nemendur. Í verklegum greinum, skal nemendafjöldi ekki vera lægri en 12 í hópi að jafnaði. Að fengnum tillögum skólastjóra og skólanefnda skal menntamálaráðuneyti sjá skólunum fyrir nauðsynlegu húsnæði, er nægi til allrar starfsemi þeirra ásamt heimavist og íbúðum handa starfslíði, þar sem þess gerist þörf, eftir því sem fé er veitt til í fjárlögum. Heimilisfræðaskólunum skal á sama hátt séð fyrir nægilegum kennslutækjum og bókasafni, sem nemendur hafa aðgang að.

Í reglugerð skal ákveða nánar um lágmarksbúnað skólanna.

V. KAFLI

Handiðaskóli.

15. gr.

Stofna skal þegar fé er til þess veitt í fjárlögum til 36 vikna handiðaskóla í tóvinnu, vefnaði, saumum og fleiri handiðum.

Kennslu skal veita í því námsefni, sem hér segir:

- a) Íslensku, dönsku, ensku og stærðfræði.
- b) Handiða- og textílgreinum.
- c) Hagfræðigreinum og verkstjórn.
- d) Uppeldis- og félagsfræðigreinum.
- e) Heilbrigðisfræðigreinum og umhverfisvernd.

Í reglugerð skal ákveða nánar um fjölda námsgreina og hvað kenna skal í hverri grein.

Um próf og réttindi til framhaldsnáms skulu gilda sömu ákvæði og um heimilisfræðaskóla, sbr. 6. gr.

VI. KAFLI

Námskeið

16. gr.

Heimilt er að starfrækja í heimilisfræða- og handiðaskólum námskeið með mismunandi námsefni og stundafjölda; svo sem framhaldsnámskeið í sérgreinum og námskeið fyrir starfshópa, sem vilja afla sér menntunar á afmörkuðum sviðum heimilisfræða og handiða, heimilishjálpar o. fl.

Setja skal reglugerð um starfsemi þeirra heimilisfræðaskóla, sem starfa eftir föstu námskeiða fyrirkomulagi, svo og önnur námskeið, enda hafi menntamálaráðuneyti samþykkt námskeiðshald, námsefni og námskeiðsgjöld.

VII. KAFLI

Ýmis ákvæði

17. gr.

Í reglugerð skal setja ákvæði um heilsuvernd í skólunum.

18. gr.

Menntamálaráðuneytið setur í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

19. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda að því er varðar þá húsmæðraskóla, sem nú eru starfandi, jafnóðum og samið hefur verið um yfirtöku ríkissjóðs á skuldum þeirra og eignum, ef forráðamenn þeirra æskja, að skólarnir komi undir ákvæði laga þessara. Þangað til skulu um þá gilda áfram lög nr. 49/1946, um húsmæðrafræðslu, og lög nr. 49/1967, um skólakostnað.

Yfirtöku ríkissjóðs á eignum og skuldum skólanna fylgir ekki kvöð um að þeir verði reknir áfram sem húsmæðraskólar, nema umsóknir um skólavist fullnægi því lágmarki, sem nauðsynlegt telst á hverjum tíma til þess að slíkur skóli verði rekinn.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp til laga um heimilisfræðaskóla var lagt fyrir síðasta Alþingi í þinglok til kynningar. Frumvarpið var samið af nefnd, sem menntamálaráðuneytið skipaði 29. nóv. 1971 til þess að endurskoða gildandi lög um húsmæðrafræðslu og Húsmæðrakennaraskóla Íslands. Í nefndina voru skipuð Steinunn Ingimundardóttir, skólastjóri, samkvæmt tilnefningu skólastjóra húsmæðraskólanna, og var hún jafnframt skipuð formaður nefndarinnar, Björn Halldórsson, skrifstofustjóri, skipaður samkv. tilnefningu Sambands isl. sveitarfélaga, Halldóra Eggertsdóttir, formaður kennarafélagsins Hússtjórnar, skipuð samkv. tilnefningu félagsins, Sigríður Haraldsdóttir, kennari, skipuð samkv. tilnefningu Kvenfélagasambands Íslands, og Vigdís Jónsdóttir, skólastjóri Húsmæðrakennaraskóla Íslands, skipuð án tilnefningar.

Nefndin samdi og sendi ráðuneytinu með bréfi, dags. 7. mars 1973, tvö lagafrumvörp:

- Frumvarp til laga um heimilisfræðaskóla, og
- frumvarp til laga um Hússtjórnarkennaraskóla Íslands.

Er tekið fram í bréfinu, að nefndarmenn séu í aðalatriðum sammála um frumvörpin.

Frumvarp þetta um heimilisfræðaskóla var lagt fram óbreytt frá því sem nefndin skilaði því, nema hvað felld var niður svofelld grein, sem var 19. grein: „Lög þessi skulu endurskoðuð innan fimm ára frá gildistöku þeirra.“ Ráðuneytið telur ástæðulaust að slíkt ákvæði sé í lögum, því að sjálfsagt er að endurskoða lög hvenær sem ástæða er til, en óeðlilegt að binda það við ákveðið árabíl.

Frumvarpið er nú lagt fram á ný með nokkrum breytingum, sem ráðuneytið hefur gert á því, og verður gerð grein fyrir þeim hér á eftir.

Að undanförunu hefur verið fremur lítil aðsókn að sumum húsmæðraskólanna og hefur rekstur þeirra orðið allkostnaðarsamur bæði ríkissjóði og heimaðilum, miðað við þann nemendahóp, sem um er að ræða. Í fylgiskjölum I—V, sem ráðuneytið hefur tekið saman, felast ýmsar upplýsingar um húsmæðraskólana, svo sem um nemendafjölda frá 1965 til haustsins 1973 og kennarafjölda haustið 1973 (fskj. I), um rekstrarkostnað árin 1970—1972 (fskj. II—IV), um stofnkostnað árin 1964—1972 (fskj. V). Það ber að hafa í huga í sambandi við nemendatöluna, að þótt eigi séu fleiri reglulegir nemendur en yfirlitið sýnir, þá fer mikil kennsla fram á námskeiðum, sem haldin eru meira og minna við alla skólana og í vaxandi mæli. Á þetta kennsluform vafalaust eftir að ryðja sér enn meir til rúms.

Eins og áður segir, var hinn 29. nóv. 1971 skipuð nefnd til þess að endurskoða löggjöfina um húsmæðrafræðslu í þeim tilgangi að ráða bót á þeim erfiðleikum, sem húsmæðraskólarnir eiga við að etja. Menntamálaráðuneytið efndi til fundar að Hótel Sögu í Reykjavík 8. maí 1972 með forráðamönnum húsmæðraskólanna til þess að ræða málefni skólanna, sem sumir voru þá mjög fásóttir. Álit fundarmanna

var, að halda bæri áfram rekstri húsmæðraskólanna í svipuðu formi, en væntanlega myndi lagafrumvarpið, sem í smíðum væri, leiða til ýmissa breytinga.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir, að ríkissjóður einn standi framvegis undir rekstrar- og stofnkostnaði húsmæðraskóla. Með því er leystur fjárhagsvandi heima- aðila, en greiðslubyrði ríkissjóðs aukin að sama skapi. En fyrst og fremst skiptir máli, hvort ákvæði frumvarpsins, ef að lögum verður, leiða til starfshátta, sem auka á ný aðsókn að skólunum, sem gegna og hafa gegnt mikilsverðu hlutverki.

Ráðuneytið hefur gert nokkrar breytingar á frumvarpinu og eru þessar helstar:

- 1) Úr 7. gr. frv. er fellt ákvæði um sérstakan „hússtjórnarfulltrúa í menntamála- ráðuneytinu“. Ekki er æskilegt að ráða til starfa í ráðuneytinu fulltrúa með fremur þröngt starfssvið, sem einungis á að sinna málum og gæta hagsmuna nokkurra skóla, heldur ber að treysta því, að fé verði veitt til þess að ráða nægi- legt starfslíð til að sinna hinum fjölþættu verkefnum ráðuneytisins, bæði mál- efnum húsmæðraskóla og öðrum verkefnum.
- 2) Ákvæðum 8. gr., um skipan skólanefnda, er breytt þannig, að bætt er við fulltrúa frá nemendum.
- 3) Í 14. gr. er sú skylda skv. frv. lögð á menntamálaráðuneytið að sjá skólunum fyrir nauðsynlegu húsnæði að fengnum tillögum skólastjóra og skólanefndar, svo og búnaði öllum og tækjum. Hefur þar verið bætt við orðunum: eftir því sem fé er veitt til í fjárlögum.
- 4) Í 15. gr. er mælt fyrir um stofnun handiðaskóla í tóvinnu, vefnaði, saumum o. fl. Er þar einnig bætt við, að þetta skuli gert, þegar fé sé til þess veitt í fjárlögum.

Í 19. gr. frv. er bætt inn ákvæði um yfirtöku ríkissjóðs á eignum og skuld- um húsmæðraskóla þeirra, sem nú starfa, ef forráðamenn skólanna æskja, að þeir komi undir ákvæði laganna, en um þá skóla, sem þess æskja ekki, skulu gilda áfram lög nr. 49/1946, um húsmæðrafræðslu og lög nr. 49/1967 um skólakostnað. Enn fremur er ákvæði um, að eigi fylgi viðtöku skulda og eigna skólanna sú kvöð, að þeir verði reknir áfram sem húsmæðra- eða heimilisfræðaskólar nema aðsókn geri slíkt eðlilegt.

Þótt sumt í greinargerð þeirri, sem nefndin lét fylgja frumvarpinu eigi ekki við ákvæði greinanna eftir breytingar ráðuneytisins, þá er hún birt hér í heild til þess að viðhorf nefndarmanna komi fram:

„I. KAFLI

Um 1. gr.

Í frumvarpi því, sem hér liggur fyrir, er nafni húsmæðraskólanna breytt í heimilisfræðaskóla, þar sem það hæfir betur því starfssviði, sem skólanum er ætlað og ráð er gert fyrir, að bæði konur og karlar stundi þetta nám.

Megináhersla verður hér eftir sem hingað til lögð á það að veita nemendum fræðilega þekkingu og starfsþjálfun til þess að vera færir um að hafa á hendi mótun og stjórnun heimila, bæði á sviði uppeldis, félagsmála, manneldis og heilbrigðis- háttá.

Um 2. gr.

Nú mánaða starfstími heimilisfræðaskóla þarf ekki að vera bundinn við vetrar- mánuðina eingöngu, heldur geta skólarnir starfað á þeim tíma árs, sem best hentar á hverjum stað.

Ungt fólk leggur eins og er megináherslu á að mennta sig fyrir einhvers konar störf á vinnumarkaðinum, æ færri stúlkur virðast gefa sér tíma til að stunda níu mánaða nám, sem að mestu leyti er undirbúningur undir heimilisstörf og stjórn, en stýttir ekki framhaldsnám.

Hins vegar verður í þjóðfélagi okkar stöðugt meiri þörf fyrir vel menntað fólk í heimilisfræðagreinum. Má í því sambandi minna á vaxandi ferðamannaþjónustu,

mötuneytisþjónustu í skólum, á vinnustöðum og víðar. Hingað til hefur orðið að ráða fólk án sérmenntunar til slíkra starfa. Það er þjóðarhúinu fyrir bestu að þetta starfsfólk hafi staðgóða undirstöðumenntun og ber að stefna að því, að slík vinna verði metin að verðleikum.

Um 3. gr.

Hér er stofnað til framhaldsmenntunar fyrir þá, sem óska að afla sér menntunar og starfsréttinda á afmörkuðum sviðum heimilisfræða. Mikil þörf er fyrir þetta fólk, samanber næstu grein hér á undan.

Um 4. gr.

Darfnast ekki skýringa.

II. KAFLI

Um 5. gr.

Í þessari grein eru taldir þeir námsgreinaflokkar, er kenna skal í heimilisfræðaskólum.

- a) Íslensku, dönsku, ensku, stærðfræði;
- b) mannelisfræðigreinar: næringarefnafræði, vöruþekking fæðuefna, meðferð og nýting fæðuefna og matreiðsla;
- c) uppeldis- og félagsfræðigreinar: barnasálarfræði, uppeldisfræði, þjóðfélagsfræði og siðfræði;
- d) hagfræðigreinar og verkstjórn: heimilishagfræði, hilylafraedi, vinnuhagfræði, áætlanagerð og stjórnun;
- e) heilbrigðisfræði og umhverfisvernd: heilsufræði, hjálp í viðlögum, meðferð ungbarna, þvottur og ræsting, viðhald á fatnaði, húsmunum og húsum;
- f) handíðagreinar: fatasaumur og ýmiss konar greinar á sviði heimilisiðnaðar og tómstundaiðju, svo sem tóvinnu, þrjón, hekl, vefnað, útsaum o. fl.

Um skiptingu námsins í verklegar og bóklegar annir skal mælt fyrir um í reglugerð, svo og um fjölda kennslustunda og námsefni.

Nefndin telur sjálfsagt, að við heimavistarskólana starfi sérstakur tómstundakennari, er leiðbeint geti í ýmiss konar handíðum og félagsstarfi.

Í húsmæðraskólunum hefur hingað til verið kenndur vefnaður, sem ein af fjórum aðalgreinum verknáms. Samkvæmt þessu frumvarpi er hann felldur niður. Er það gert á þeirri forsendu, að hann er nær hvergi tíðkaður á heimilum nú á dögum. Hins vegar er æskilegt, að nemendur njóti tilsagnar í vefnaði í tómstundum. Sjá enn fremur 15. og 16. gr., þar sem fjallað er um handíðaskóla og námskeið.

Um 6. gr.

Skortur er á námsbókum í ýmsum greinum heimilisfræða. Nauðsynlegt er því að ráða sem fyrst sérfræðinga til að annast samantekt á heppilegu námsefni. Grein þessi stefnir að því að einfalda og stytta prófin og þar með lækka kostnað við þau. Með samræmingu námsefnis og um leið prófa á að vera hægt að fá sambærilegt mat á kunnáttu og hæfni nemandans til framhaldsnáms í öðrum skólum. Nefndin telur að til þess að þetta megi takast, þurfi að starfa fastráðinn hússtjórnarfulltrúi í menntamálaráðuneytinu, er hafi þessi mál með höndum. Eðlilegt er að heimilisfræði verði valgrein til stúdentsprófs, t.d. fyrir nemendur, sem að loknu stúdentsprófi hyggja á nám í matvælaíðnaði og lífefnafræði, auk þess sem öllum er nauðsyn að kunna skil á undirstöðuatriðum heimilisstarfa, næringarfræði og heimilishagfræði.

Nefndin telur, að heimilisfræði ættu skilyrðislaust að vera þáttur í félagsfræðikjörsviði menntaskólanáms.

III. KAFLI

Um 7. gr.

Í þessari grein er eindregið gert ráð fyrir sérstökum hússtjórnarfulltrúa í menntamálaráðuneytinu, sem fari með málefni þessara skóla. Að fenginni reynslu þeirra, er starfað hafa við húsmæðraskóla síðustu árin, er óviðunandi það ástand, sem skapast hefur, síðan lagt var niður embætti námsstjóra fyrir húsmæðrafræðslu í öllu landinu árið 1968, en í staðinn settur námsstjóri fyrir heimilisfræðslu gagnfræðastigsins í Reykjavík einni. Húsmæðraskólar landsins eru dreifðir um allt land, starfsliðið fámennt og störfum hlaðið, svo að erfitt er um samstarf og fundi. Menntun þeirra nemenda, sem lokið hafa námi í húsmæðraskólum, er þar af leiðandi mismunandi og á reiki. Hafa því aðrir skólar átt erfitt með að meta árangur námsins til að byggja á framhaldsmenntun.

Um 8. gr.

Skólanefndir hafa ætíð starfað við húsmæðraskólana. Þær eru skipaðar fulltrúum, sem kosnir hafa verið af ákveðnum aðilum í heimahéruðum skólanna og við það hafa skapast tengsl við héraðsbúa. Ef heimilisfræðaskólarnir verða gerðir að ríkisskólum, þykir hlýða, að menntamálaráðuneytið hafi með höndum endanlegt val fulltrúa í skólanefndir, en þó með tilnefningu frá aðilum í heimabyggðum.

Um 9. gr.

Skólastjóri fer með stjórn skólans og tekur ákvarðanir um málefni hans, annað hvort einn eða með tilstyrk skólanefndar, skólaráðs og fulltrúa nemenda. Ýmissa sérhæfðra kennara er oft þörf við heimilisfræðaskóla og er eðlilegast, að skólastjóri sjái um ráðningu þeirra með samþykki menntamálaráðuneytis. Fram til þessa hefur verið mjög fámennt starfslið við húsmæðraskólana og gegnir skólastjóri bæði húsmóður- og húsvarðarstarfi. Nemendur hafa haft á hendi þrif húsa og starfað við mótuneytið undir handleiðslu kennara. Miklu af þessum störfum þarf að létta af nemendum til þess, að námið geti orðið hnitmiðaðra og umfangsmeira en verið hefur, enda er gert ráð fyrir því í frumvarpi þessu.

Um 10. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 11. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 12. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

IV. KAFLI

Um 13. gr.

Húsmæðraskólar eru nú flestir reknir af ríki og sveitarfélögum sameiginlega, sbr. lög nr. 49/1967.

Hin síðari ár hefur sumstaðar gengið erfiðlega að fá framlög sveitarfélaga greidd, enda er greiðslugeta þeirra lítil. Hafa margir skólanna lent í greiðsluörðugleikum af þessum sökum.

Í frumvarpi því, sem hér liggur fyrir, er gert ráð fyrir, að ríkissjóður stofni og reki heimilisfræðaskóla, enda tæpast eðlilegt að einstökum sveitarfélögum sé ætlað að greiða fjárframlag á móti ríkissjóði, þar sem nemendur skólanna eru víðsvegar að af landinu og hér er ekki um skyldunám að ræða. Mjög er óvíst um fjölda þeirra skóla, sem starfrækja þarf, en miðað við núverandi aðsókn að húsmæðraskólunum virðist mega gera ráð fyrir að 3—4 skólar fullnægi þörfinni næstu árin.

Kostnaðarauki ríkissjóðs af samþykkt þessa frumvarps yrði því upphæð, sem svarar til hluta sveitarfélaga í rekstri þeirra skóla, er hér um ræðir.

Gert er ráð fyrir, að nemendur greiði efniskostnað vegna verklegrar kennslu og mötuneytiskostnað á sama hátt og nemendur annarra framhaldsskóla. Þá er einnig gert ráð fyrir, að þeir greiði húsaleigu skv. ákvörðun menntamálaráðuneytis.

Um 14. gr.

Ekki þykir hagkvæmt að reka minni heimilisfræðaskóla en fyrir 36—40 nemendur, svo að rekstrarkostnaður þeirra verði ekki óhæfilega hár miðað við nemandafjölda. Húsrými og aðstaða á mörgum húsmæðraskólanna er alls óviðunandi og langt frá að fullnægja nútímakröfum í þessum efnum. T. d. er það grundvallaratriði, að í heimilisfræðaskólum sé sérstök kennslustofa fyrir bóknám. Þá eru margir skólarnir mjög vanbúnir, hvað snertir kennslutæki og bókasöfn.

V. KAFLI

Um 15. gr.

Í þessari grein er gert ráð fyrir sérstökum skóla í handiðum, þar sem verklega námið er vefnaður, tóvinna og fatasaumur, auk ýmissa annarra greina á sviði heimilisiðnaðar og tómstundaiðju, svo sem þrjón, hekl, útsaumur, tauprykk, leðurvinna og tréskurður.

Íslenskur heimilisiðnaður er að hasla sér völl að nýju í útflutningi þjóðarinnar og virðist mikil þörf á að beina fólki að þessu námi — og stuðla með því að varðveislu og eflingu íslensks ullariðnaðar með því að veita undirstöðumenntun á þessu sviði.

Þessi skóli er hliðstæður heimilisfræðaskólunum þannig, að nemendur fá að námi loknu sömu réttindi til framhaldsnáms í hinum almenna framhaldsskóla.

VI. KAFLI

Um 16. gr.

Sjálfsgagt þykir, að heimilisfræða- og handiðaskólar starfræki námskeið í ýmsum greinum heimilisfræða og handiða og að þéttbýlisskólar verði jafnvel eingöngu námskeiðsskólar án heimavistar.

Ljóst er, að miklar og margvíslegar nýjungar verða á komandi tímum á sviði heimilisfræða, það þykir því nauðsyn, að menn hafi aðstöðu til framhaldsmenntunar og endurhæfingar, jafnframt því sem haldin eru námskeið fyrir byrjendur.

Útlit er fyrir vaxandi þörf á fólki til þess að veita aðstoð í heimahúsum í veikindaföllum húsráðenda, svo og við umönnun aldraðs fólks. Nauðsynlegt er því að halda námskeið fyrir fólk, sem starfar við heimilisþjónustu.

Íslendingar búa við vaxandi ferðamannastraum, en hins vegar er sárafátt af sérmenntuðu fólki til starfa við ferðamannaþjónustu. Námskeiðshald í ýmsum greinum hótélstarfa gæti bætt þar úr brýnni þörf.

VII. KAFLI

Um 17. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 18. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 19. gr.

Þarfnast ekki skýringa.“

Fylgiskjal I.

Kennara- og nemendafjöldi húsmæðraskóla 1965—1973.

Það athugist, að tölur um nemendafjölda eru ekki fyllilega sambærilegar milli skóla og ára af eftirgreindum ástæðum:

- a) Mikill hluti nemenda í Reykjavík og á Akureyri sækja námskeið, sem ekki standa allan veturinn. Þessir nemendur eru að einhverju leyti taldir með á árunum 1965—1970. Eftir það eru hér eingöngu taldir þeir nemendur, sem voru allt árið í skólunum.
- b) Nokkuð er um, að skipt sé um nemendur um áramót, og er þá talinn heildar-nemendafjöldinn allt árið, nema haustið 1973, þar sem talinn er fjöldi nemenda eins og hann er skráður til áramóta.

	Nemendur, ár						Kennarar haustið 1973		
	1965/66	1967/68	1969/70	1970/71	1971/72	1972/73	Haustið 1973	skipaðir settir	
1) Reykjavík	84	89	65	96	27	27	36	6	2
2) Akureyri		77	191	80	15	15			
Samtals Rvk. og Akureyri	84	166	256	176	42	42	36		
3) Varmaland	44	45	45	43	42	42	35	3	1
4) Staðarfell	29	26	36	26	24	24	15	1	3
5) Ísafjörður	39	36	28	16	28	28	11	4	
6) Blönduós	38	36	36	25	10	10	9	2	2
7) Langamýri	32	15	13	11	15	15	14		4
8) Laugaland	42	41	38	31	37	37	14	3	1
9) Laugar	34	23	29	16	7	7	7		
10) Hallormsstaður	30	27	28	8	10	14	7	4	2
11) Laugarvatn	40	42	53	55	61	61	54	3	3
Samt. utan Rvk. og Akureyrar	328	291	306	231	234	238	166	26	18

Einnig er kennt í formi námskeiða. Sumir skóla annast einnig kennslu í handavinnu og hússtjórn fyrir barna- og unglingskóla. Húsmæðraskólinn í Rvík heldur námskeið allt skólaárið, 6 vikur hvert. Áætlaður nemendafjöldi allt skólaárið: 96. Á Staðarfelli voru 6 nemendur á námskeiði 1. okt.—15. nóv. 1973. Á Ísafirði voru 16 nemendur á námskeiði haustið 1973. Skólinn annast einnig handavinnukennslu fyrir gagnfræðaskólann. Á Blönduósi voru 11 nemendur á námskeiði í 7 vikur og 12 nemendur í 3 vikur haustið 1973. Jafnframt var veitt kennsla í barna- og miðskólanum. Á Akureyri voru eingöngu námskeið. Áætlað er að um 400 nemendur alls sækji þar mislóng námskeið veturinn 1973/74. Húsmæðraskólinn á Laugum annast einnig kennslu fyrir nemendur héraðsskólans þar. Á Hallormsstað voru 5 nemendur á námskeiði í matreiðslu til áramóta og um 8 nemendur á 4 vikna námskeiði í vefnaði. Einnig veitt kennsla í barna- og unglingskólanum.

Fylgiskjal II.

Húsmæðraskólar, rekstrarkostnaður 1970.

	Föst laun kennara	Umsjón, stunda- og aukakenntla	Viðhalds- kostnaður	Annar rekstrar- kostnaður	Samtals	Tekjur
Reykjavík	1 743 056.00	1 270 971.00	809 644.00	658 850.00	4 482 521.00	
Varmaland	1 076 337.00	357 534.40	362 627.75	357 008.90	2 153 508.05	189 735.00
Staðarfell	1 006 026.00	203 948.80	47 338.70	2 290 402.45 ¹⁾	3 547 715.95	156 330.90
Ísafjörður	1 157 238.00	315 159.00	485 206.65	381 899.00	2 339 502.65	86 892.00
Blönduós	1 100 294.00	265 400.40	361 008.50	657 461.79	2 384 164.69	
Langamýri	1 104 483.00	69 634.95	176 603.80	334 804.33	1 685 526.08	21 200.00
Akureyri	280 090.00	158 268.00	282 140.00	241 640.60	962 138.60	192 100.00
Laugaland	1 132 985.00	305 021.80	326 929.45	333 660.60	2 098 596.85	74 162.00
Laugar	1 029 902.00	181 786.00	241 036.46	196 168.76	1 648 893.22	166 975.00
Hallormsstaður	893 112.00	156 308.88	1 004 125.17	841 781.50	2 895 327.55	73 055.00
Laugarvatn	1 229 358.00	367 368.04	235 180.55	624 313.11	2 456 219.70	16 600.00
	11 752 881.00	3 651 401.27	4 331 841.03	6 917 991.04	26 654 114.34 ²⁾	977 049.90

1) Hér innifalin greiðsla til Orkusjóðs v/raf.frkv. kr. 1 500 000.00.

2) Þar af úr ríkissjóði kr. 19 047 000.00.

Fylgiskjal III.

Húsmæðraskólar, rekstrarkostnaður 1971.

	Föst laun kennara	Umsjón, stunda- og aukakenntla	Viðhalds- kostnaður	Annar rekstrar- kostnaður	Samtals	Tekjur
Reykjavík	2 404 633.00	1 136 393.00	1 577 607.00	1 317 500.00	6 436 133.00	
Varmaland	1 483 964.00	572 539.00	443 020.00	579 213.00	3 078 737.00	231 510.00
Staðarfell	1 432 858.00	Innif. í föst laun		350 000.00	1 782 858.00	
Ísafjörður	1 591 379.00	376 950.00	425 178.00	415 758.00	2 809 265.00	65 258.00
Blönduós	1 512 850.00	202 146.00	583 054.00	675 199.00	2 973 250.00	243 703.00
Langamýri	1 514 946.00	99 216.00	614 562.00	374 814.00	2 603 539.00	33 554.00
Akureyri	544 684.00	261 162.00	1 554 482.00	980 949.00	3 341 272.00	306 031.00
Laugaland	1 545 254.00	427 657.00	386 850.00	382 951.00	2 742 712.00	80 300.00
Laugar	1 519 962.00	193 512.00	291 058.00	185 085.00	2 189 618.00	147 202.00
Hallormsstaður	989 121.00	202 292.00	2 532 428.00	911 537.00	4 635 379.00	47 250.00
Laugarvatn	2 232 444.00	521 590.00	520 044.00	1 137 675.00	4 411 754.00	274 772.00
	16 772 095.00	3 993 458.00	8 928 286.00	7 310 685.00	37 004 520.00 ¹⁾	1 429 580.00

1) Þar af úr ríkissjóði kr. 26 578 000.00.

Fylgiskjal IV.

Húsmæðraskólar, rekstrarkostnaður 1972.

	Föst laun kennara	Umsjón, stunda- og aukakennsla	Viðhaldskostnaður	Annar rekstrar-kostnaður	Samtals	Tekjur
Reykjavík	3 036 761.00	926 958.00	777 003.00	1 138 950.00	5 879 672.00	
Varmaland	2 031 793.00	590 127.00	1 090 985.00	689 776.00	4 402 681.00	345 160.00
		Innif. í föst laun	549 000.00	709 000.00	4 016 000.00	382 000.00
Staðarfell	2 758 000.00	sama	729 000.00	531 000.00	3 884 000.00	15 000.00
Ísafjörður	2 624 000.00	74 140.00	910 440.00	737 889.00	3 489 372.00	354 547.00
Blönduós	1 766 903.00	203 712.00	183 749.00	441 816.00	2 592 466.00	32 794.00
Langamýri	1 763 189.00	295 346.00	2 625 516.00	1 010 779.00	5 309 641.00	523 950.00
Akureyri	1 378 000.00	459 353.00	893 576.00	466 059.00	3 790 620.00	73 421.00
Laugaland	1 971 632.00	Innif. í föst laun	143 000.00	95 000.00	2 166 000.00	12 000.00
Laugar	1 928 000.00	501 052.00	1 141 406.00	906 426.00	3 529 131.00	90 325.00
Hallormsstaður	980 247.00	601 216.00	393 143.00	1 178 340.00	5 002 965.00	321 230.00
Laugarvatn	2 830 266.00					
	23 068 791.00	3 651 904.00	9 436 819.00	7 905 037.00	44 062 551.00 ¹⁾	2 150 428.00

1) Þar af úr ríkissjóði kr. 36 042 000.00.

Fylgiskjal V.

Húsmæðraskólar, stofnkostnaður.

Nafn skóla	Kostn.								Samtals			
	31/12 1964	Kostn. 1965	Kostn. 1966	Kostn. 1967	Kostn. 1968	Kostn. 1969	Kostn. 1970	31/12 1970	Kostn. 1971	Kostn. 1972	Samtals	
	þús. kr.	þús. kr.	þús. kr.	þús. kr.	þús. kr.	þús. kr.	þús. kr.	þús. kr.	þús. kr.	þús. kr.	þús. kr.	
Varmaland	6 720	974	274	136	1 291	216	843	10 454	0	0	10 454	
Staðarfell	792	0	0	0	145	4 571	2 007	7 515	1 713	0	9 229	
Blönduós, skólahúsið	3 118	0	0	0	0	0	0	3 118	0	0	3 118	
— kennarabúst.	573	1 024	915	1 152	2 507	2 177	1 224	9 572	557	946	11 095	
Langamýri ¹⁾							144	144	1 909	201	2 254	
Laugaland, skóli	1 678							1 678	0	0	1 678	
— hl. í sundlaug	825							825	0	0	825	
Laugar, S.-Þing. skóli ...	1 125		45					1 170	0	0	1 170	
— kennarabúst.				45	806	475	1 691	3 017	248	0	3 265	
Hallormsstaður, skóli	2 235		120					2 355	0	0	2 355	
— kennarabúst.	123	672	804	955	256	248	36	3 094	0	0	3 094	
Laugarvatn, eldri skóli og kennarabúst.	2 847	52			65			2 964	0	0	2 964	
Laugarvatn, nýi skólinn ²⁾		3 401	6 485	2 371	4 851	13 773	19 420	50 301	2 095	1 746	54 143	
	20 036	6 123	8 643	4 659	9 921	21 460	25 365	96 207	6 543	2 893	105 643	

1) Allur annar byggingarkostnaður Löngumýrarskóla hefur verið færður á viðhaldskostnað frá því að skólinn tók til starfa.

2) Árið 1970 greiddi Ferðaskrifstofa ríkisins tíu millj. kr. upp í stofnkostnað nýja húsmæðraskólahússins að Laugarvatni v/gistihússrekstrar.